

OS – Minnisblað 14.2.2020  
GAJ HBK RJ

## Raforkuöryggi

### Viðbúnaður, viðbrögð og neyðarstjórnun - tillögur frá Orkustofnun

Orkustofnun gerir ráð fyrir að í því átaksverkefni sem nú er í vinnslu verði hugað að eftirfarandi þáttum.

- Hættumat: Veðurspá, ísingarspá, seltuspá, eldvirkni, jarðskjálftar, ófriður,
- Orkumiðlar: Rafmagn, heitt vatn, bensín og olía, gas, viður, annað eldsneyti.
- Orkuvinnsla: Raforkuvirkjanir, varmvirkjanir, kynding, skógar og jarðvegseldsneyti, varaafll, skip, bílar og landbúnaðarvélar, nýting annars eldsneytis
- Orkuflutningur: Innflutningur birgðahald og dreifing á eldsneyti, meginflutningskerfi raforku, flutningur raforku í hérað, dreifing raforku N-1, dreifing raforku N-1, viðnám gegn vindi, ísingu og seltu, gasbirgðir,
- Úthaldsgeta: Skerðing, skömmun, sparnaður, varafl, færanlegt varaafll, varaafll hjá mikilvægri starfsemi, varafl hjá fyrirtækjum, varafl hjá notendum, rafhlöður, bílar og dráttarvélar til raforkuvinnslu, orkusparnaður, heimakynding, gaseldun.
- Viðbúnaður: Upplýsingar til almennings, örugg fjarskipti, tæki til viðgerða, tækni og aðferðafræði, vinnuflokkar, björgunarsveitir almennungur, öryggismál
- Fyrirkomulag neyðarstjórnunar og skilgreining hennar í lögum

Aðkoma eftirlitsaðila að undirbúningi og skipulagi viðbúnaðar, eftirliti með framkvæmdum meðan hættuástand varir, og úttekt á árangri aðgerða og þeirrar reynslu sem skapast verði tryggð. Stofnunin fellst á að það séu gild rök fyrir því að fjöldi þeirra aðila sem koma beint að virkri neyðarstjórnun verði að vera takmarkaður en hins vegar megi það ekki verða til þess að eftirlitsstofnanir með mikilvægum innviðum séu settar til hliðar þannig að þekking og reynsla þeirra nýtist ekki og að þær geti ekki lagt sjálfstætt mat á hvornig tekist hafi til með viðbúnað og viðbrögð. Því er lagt til að Orkustofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, Samgöngustofa og hugsanlega aðrar stofnanir sem bera ábyrgð vegna mikilvægra innviða fyrir öryggi í samfélaginu, en eiga ekki beina aðild að stjórnstöð almanna- og myndi með sér sérstakan hóp sem hafi m.a. eftirfarandi verkefni.

- Aðild og rýni við gerð viðbragðsáætlana
- Sé kallaður saman og fái upplýsingar þegar lýst er yfir hættuástandi
- Fái reglulegar upplýsingar á sama hátt og æðstu stjórnvöld og frá viðbragðsaðilum meðan neyðarástand stendur yfir.
- Aðild og rýni við úttekt og greiningu á neyðarstjórnun og viðbrögðum eftir að hættuástandi hefur verið aflýst.

Kortleggja þaog skilgreina viðmið um varaafll á landinu

- Varaafll bæði í eigu opinberra aðila og annara (Landsnet, dreifiveitur, sveitarfélög, ríkið, fyrirtæki, einkaaðilar) verði kortlagt.
- Skilgreina þarf viðmið um þörf fyrir varaafll og ábyrgð á rekstri varaaflls:
  - Þörf fyrir varaafll (svæðaskipt).
  - Flokka varaafll eftir mismunandi hlutverki (skammtíma, langtíma, í neyð, vegna viðhalds, vegna samninga um ótryggt rafmagn o.s.frv.)
  - Varaafll í samningum (eignarhald, rekstur, viðhald, aðgang).

- Nýtingu í neyð (reglur, ábyrgð, kostnað).
- Forgang í notkun: Atvinnustarfsemi, almenningur.
- Reglur sem tryggja rekstraröryggi varaaflds
- Reglur um reglulega gangsetningu varaafldsvéla

Eldsneytisbirgðahald í landinu verði endurmetið og endurskoðað.

- Tengt við flæði eldsneytis í gegnum almennt birgðahald á svæðinu þannig að ferskleika eldsneytis sé viðhaldið. Einnig þarf að meta hvort dísilolía sé heppilegur eldsneytisgjafi fyrir varaafld sem notað er mjög sjaldan. Hugsanlega gæti þjappað metangas LNG verið heppilegri orkugjafi til þess að geymast mjög lengi. Hugsanlega tengja við hugmyndir Nordur um framleiðslu og útflutning á þjöppuðu metangasi.
- Stefnt að 90 daga birgðum eða jafngildi þess með samningum við aðrar þjóðir þannig að Ísland fái fulla aðild að IEA.
- Eldsneytisbirgðahald á svæðum sem þurfa mikið varaafld sé endurskoðað og hugsanlega tengt 90 daga reglunni sem er lykillinn að því að tengjast IEA.
- Birgðahald vegna dreifingar og varabirgðahald sé endurskoðað og samræmt til þess að tryggja að nægt og ferskt eldsneyti sé til staðar á stöðum með erfiðar samgöngur.
- Möguleikar og kostir þess að nýta innlenda gasframleiðslu sem varaeldsneyti verði kannaðir sem og tenging við bættu dreifingu og aukna nýtingu á metangasi og vetni við flutninga og skipaferðir.

Örugg tenging svæða með lágmarks íbúafjölda eða orkunotkun

- Ákveðnum hluta afskriftarýmis flutningsfyrirtækisins vegna almennra notenda verði varið til þess að byggja upp öruggar tengingar (N-1) eða sambærilegar aðgerðir fyrir byggðir með lágmarks íbúatölu og orkunotkun. Stefnt verði að því að þessi uppbygging leiði ekki til hækkunar á flutningsgjaldi til almennings.
- Framlag úr ríkissjóði t.d. vegna sérstakra tekna megi nýta til þess að hraða uppbyggingu án þess að grunnur eignastofns hækki.
- Samskonar reglu verði komið á til þess að styrkja uppbyggingu dreifingar

Tryggð verði stöðug nýsköpun, tækniþróun, endurnýjun aðferða og uppbygging þekkingar í orkuöryggismálum

- Aflað verði fjár til rannsókna og þróunar í orkuöryggismálum sem varðveitt verði hjá Orkusjóði og úthlutað til verkefna á samkeppnisgrundvelli, að hluta í samstarfi t.d við Nordisk Energiforsking.
- Sérstöku fjármagni til styrkingar á afhendingaröryggi í jaðarsettum byggðum verði veitt í gegnum Orkusjóð og þar sem orkufyrirtækin sækja um fjárframlög. Umsóknirnar verði metnar á grundvelli þarfar og hagkvæmni mismunandi lausna. Þannig verði opnað fyrir mismunandi tækni- eða kerfislausnir til þess á sama árangri en ekki einblínt á sértækar lausnir eins og t.d. varaafldstöðvar.

Bæta þarf lagaumhverfi í því skyni að tryggja gagnsæi og jafnræði afhendingaröryggis um allt land.

- Kröfum um markmiðasetningu afhendingaröryggis í 10. gr. reglugerðar 1048/2004 verði breytt þ.a. flutningsfyrirtækið setji sér mælanleg markmið fyrir sérhvern afhendingarstað, en ekki einungis fyrir flutningskerfið í heild.
- Bæta þarf lagaumhverfi leyfisveitinga í því skyni að lágmarka hindranir og tafir við nýjar framkvæmdir um leið og aðkoma almennings er tryggð í samræmi við ákvæði Árósasamkomulagsins.

- Lög mat á umhverfisáhrifum framkvæmda kveði á um að tekið sé mið af stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins við matið.
- Rík upplýsingaskylda á undirbúningsstigi og stefnumarkandi stjórnsýsluákvæðanir eins snemma í ferlinu eins og unnt er. Dæmi um slíkt er að samþykkt matsáætlunar þarf að vera kæránleg stjórnvaldsákvörðun svo athugasemdir/kærur komi fram innan ákveðinna tímamarka.
- Úrskurðarnefndir fái tvískipt hlutverk. Leiðbeinandi og ákvarðandi. Stjórnvaldsákvæðanir verði eingöngu felldar niður vegna formgalla ef hægt er að rökstyðja að ónákvæm afgreiðsla hafi haft áhrif á efnislega niðurstöðu.
- Úrskurðarnefndir skulu miða niðurstöðu sína við þann tímamark þegar kært er en ekki byggja á glötuðum tækifærum málsaðila sem eru tilkomnar vegna seinnar afgreiðslu nefndarinnar.
- Stofnanir geti vísað til umboðsmanns Alþingis úrskurði úrskurðarnefnda sem stofnunin telur sig geta rökstutt að sé ekki í samræmi við lög og óskað álits umboðsmanns á niðurstöðu úrskurðarnefndar til að koma í veg fyrir að umdeildar lagatúlkningar verði ekki sjálfkrafa fordæmisgefandi og skapa réttaróvissu fyrir viðkomandi stofnun.